

í þetta sinn frá einhverju barni. En mér hefir ekki verið sent neitt. Sendingarnar hafa líklega ekki verið tilbúnar. Eg skal skila þeim, þegar þær koma. En gleymið ekki að senda mér þær, börn.

— o —

### Biðjið á árinu.

Þarna sjáid þið barn. Þið sjáid, hvað barnið er að gera, að það er að biðja. Þykir ykkur það ekki fallegt? Ef þið horfið vel á barnið, þá veit eg, að þið heyrið rödd í hjarta ykkar, sem segir: Þetta eigið þið að gera á árinu. Þið eigið öll að biðja og þið eigið að læra að biðja betur á árinu.



Eg býst við, að þið séuð öll farin að biðja. Að þið biðjið á kveldin, áður en þið sofnid. Að þið biðjið líka á morgnana. Og að þið biðjið einnig, þegar þið farið að borða — þakkið